

Reglugerð fyrir bikarkeppni BLÍ

Breyting á reglugerð sem stjórn BLÍ setti upp skv. ákvörðun 36. ársþings BLÍ. Stjórn samþ. reglugerðina í september 2008.

1. gr. Tímasetning og staðsetning skal liggja fyrir þegar auglýst er eftir þátttökuliðum í keppnina. BLÍ sér um framkvæmd keppinnar og ákveður leikstaði. Ef um tvær umferðir í undankeppninni er að ræða skal leitast við að hafa aðra umferðina á höfuðborgarsvæðinu og hina á landsbyggðinni, fyrri umferðin skal leikin til skiptis á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Ef um eina umferð er að ræða skal leitast við að skipta henni milli norðurlands, austurlands og höfuðborgarsvæðisins.(landshluta)

2. gr. Öllum félögum BLÍ er heimilt að senda inn lið til keppinnar, má senda inn skráningu fyrir fleira en eitt lið frá hverju félagi, a, b o.s. fv. Leikmanni er þó einungis heimilt að leika með einu liði í keppninni.

3. gr. Undanúrslit og úrslit bikarkeppni BLÍ fara fram á einni helgi. Þátttökulið eru þau sem hafa áunnið sér þann rétt í undankeppni skv. 4. gr.

4. gr. a) Undankeppni Bikarkeppni BLÍ eru 2 mót(sjá þó 4.gr. b). Á fyrra mótinu er liðum skipt í 2 riðla (riðil a og riðil b). Efsta lið í deildakeppni BLÍ á undangengnum vetri skal vera sett í riðil a og liðið í öðru sæti deildarkeppinnar verður í riðli b. Dregið verður um í hvaða riðli önnur þátttökulið lenda. Sigurvegari í riðli a verður lið a í fyrri undanúrslitaleik. Sigurvegari í riðli b verður verður lið a í seinni undanúrslitaleik. Sigurliðin tvö taka **ekki** þátt í seinni undankeppninni og teljast heimalið. Í undankeppni tvö taka öll lið þátt í einum riðli og vinna tvö efstu liðin sér þátttökurétt í undanúrslitum, **nema ef 8 eða fleiri lið eru eftir í keppninni halda riðlarnir sér og efstu lið úr sitt hvorum riðli halda áfram**. Dregið er um hvaða mótherja þessi lið fá í undanúrslitum (þ.e. hvaða lið verður lið b í fyrri undanúrslitum o.s.frv.).

b) Ef 7 lið eða færri eru skráð til leiks, í kvenna- eða karlaflokki, skal leikið í einni umferð í þeim flokki. Allir spila við alla og fjögur efstu liðin komast áfram í undanúrslit. Draga skal í undanúrslit, fyrst heimalið í fyrri undanúrslitaleik og svo útilið, næst heimalið í seinni undanúrslitaleik og svo útilið.

5. gr. Í undankeppni skal leikið upp á 2 unnar hrinur þar sem hrina skal vera upp í 25 stig og oddahrina skal vera upp í 15, þó þannig að vinna þarf með tveimur stigum. Í undanúrslitum og úrslitum skal leikið með hefðbundnu fyrirkomulagi.

6. gr. Heimalið skal eiga rétt á að velja búning í undanúrslitum og úrslitum. Leitast skal við að lið séu ekki í sams konar lituðum búningum.

7. gr. Heimilt er að selja nafn bikarkeppinnar.